





GRUNNENDURLÍFGUN (BLS) SKREF FYRIR SKREF

RÖÐ/AÐGERÐIR	LÝSING
BLANDA BJÖRGUNARBLÁSTRUM MEÐ HJARTAHNOÐI 	<ul style="list-style-type: none">• Ef þú hefur þjálfun til: Opna aftur öndunarveg eftir 30 hnoð með því að færa höfuð aftur.• Notað þumal og vísifingur handarinnar sem er á enni einstaklingsins til að klemma saman mjúka hluta nefsins• Leyfa munn einstaklingsins að opnast með því að halda höfði aftur• Taktu eðlilegan andardrátt og settu varir þínar þétt yfir munn einstaklingsins• Blása rólega munn við munn í um það bil 1 sekúndu eins og við eðlilegan andardrátt og horfa um leið á hvort brjóstkassi lyftist. Þetta er árangursríkur björgunarblástur• Halda höfði áfram í sömu stöðu, losa munn við munn tak og horfa eftir því hvort slakni á brjóstkassa eins og við eðlilega útöndun• Draga aftur að sér loft eins og við eðlilega innöndun, setja munn við munn og blása aftur til að klára alls tvo björgunarblástura• Ekki trufla hnoð í meira en tíu sekúndur til að veita tvo björgunarblástura, jafnvel þó annar eða hvorugur hafi borið árangur.• Staðsetja hendur án tafar aftur í hnoðstöðu á brjóstkassa og hnoða 30 sinnum• Halda áfram hnoði og blæstri í hlutfallinu 30:2
ENDURLÍFGUN AÐEINS MEÐ HNOÐI 	<ul style="list-style-type: none">• Ef þjálfun til að beita munn við munn aðferð er ekki til staðar, eða ekki möguleg, skal beita endurlífgun aðeins með hnoði (halda áfram stöðugu hnoði á hraðanum 100-120 min⁻¹)
PEGAR HJARTASTUÐTÆKI KEMUR kveikja strax á tækinu og líma rafskaut á brjóstkassa 	<ul style="list-style-type: none">• Um leið og hjartastuðtæki kemur, kveikja á því og líma rafskaut á beran brjóstkassa einstaklingsins• Ef fleiri en einn aðstoðarmaður, skal halda áfram endurlífgun á meðan rafskaut eru límd á brjóstkassa einstaklingsins
FYLGJA LEIÐBEINANDI RÖDD TÆKIS/ LEIÐBEINANDI MYNDUM 	<ul style="list-style-type: none">• Fylgja leiðbeinandi rödd og myndum sem hjartastuðtæki gefur• Ef stuð er ráðlagt, tryggja að hvorki þú né aðrir snerti einstaklinginn• Ýta á stuðtakka eftir skipun• Halda síðan strax áfram endurlífgun og fylgja leiðbeiningum úr stuðtækinu